

# Niðurstöður skýrsluhalds mjólkurframleiðenda árið 2021

**Sigurður Kristjánsson**  
skýrsluhald og  
prófarkalestur  
sk@rml.is



**Guðmundur Jóhannesson**  
ráðunautur  
í nautgripærkt  
mundi@rml.is



Niðurstöður skýrsluhaldsins í mjólkurframleiðslunni árið 2021 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, [www.rml.is](http://www.rml.is). Hér verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu.

Þeir framleiðendur sem skiluðu einhverjum, en þó mismiklum upplýsingum um afurðir kúa sinna á nýliðnu ári voru 517 en á árinu 2020 voru þeir 541. Niðurstöðurnar eru þær helstar að 25.382,8 árskýr skiluðu 6.336 kg nyt að meðaltali. Það er lækkun um 48 kg/árskú frá árinu 2020 en þá skiluðu 25.649,0 árskýr meðalnyt upp á 6.384 kg. Þetta eru þó einar mestu meðalafurðir frá upphafi vega og sjötta árið í röð sem þær ná yfir 6.000 kg eftir árskú. Umreiknaðar í orkuleiðréttu mjólk (OLM) eru meðalafurðir síðasta árs 6.544 kg/árskú.

Meðalbústærð reiknaðist 50,0 árskýr á árinu 2021 en sambærileg tala var 48,4 árið á undan. Meðalbústærð reiknuð í skýrslufærðum kúm var nú 66,8 kýr en 2020 reiknuðust þær 64,1. Samtals voru skýrslufærðar kýr á árinu 34.553 talsins samanborið við 34.696 árið áður.

## Mestar meðalafurðir á Austurlandi

Svæðaskipting fylgir að segja má kjördæmum. Á árinu voru mestar meðalafurðir á Norðurlandi eystra, 6.454 kg, og síðan kemur Austurland með 6.420 kg.

Stærst eru búin að meðaltali á Austurlandi, 51,9 árskýr, en næststærst eru þau á Suðurlandi, 51,8 árskýr.

## Meðalbúið stækkar aðeins

Meðalbúið stækkaði milli ára þrátt fyrir samdrátt í innleggi mjólkur en í takti við fækkun innleggsbúa. Meðalinnlegg á bú með innlegg allt árið nam 288.088 lítrum samanborið við 284.363 lítra á árinu 2020. Á sama tíma fækkaði innleggsbúum mjólkur um sextán og voru kúabú í framleiðslu 517 talsins nú um áramótin 2021/22.

## Gríðarleg vanhöld á kálfum

Vanhöld kálfa eru mikil og skýrast að stærstum hluta af gríðarlegum fjölda dauðfæddra kálfa við fyrsta burð. Meira en fjórði hver kálfur undan 1. kálfs kvígum fæðist dauður en slíkt ástand hlýtur að flokkast sem algjörlega óviðunandi. Þrátt fyrir rannsóknir og athuganir á orsökum þessa hefur engin ein ástæða fundist. Samkvæmt könnun RML sem lokið var við á síðasta ári er einhvern hluta ástæðnanna að finna í bústjórnarþáttum eins og fóðrun fyrir burð, tilfærslu gripa eftir að burður hefst og óþekktir vantanlegri burðardagsetningu.

Við ætlum seint að læra af reynslunni. Enn stundar töluverður hluti bænda þá búskaparhætti að gera kvígurnar nánast að kúm fyrir fyrsta burð sökum aldurs. Þó mjúkast þau mál til betri vegar og á síðasta ári var meðalaldur við 1. burð 27,3 mánuðir sem er 0,2 mánuðum lægri aldur en árið áður. Þessum þætti þarf að gefa meiri gaum í bústjórninni en allt bendir í þá átt að stefna eigi að því að kvígurnar beri 22-24 mánaða gamlar. Þarna munar því um hálfu

## Skýrsluhald í mjólkurframleiðslu - ársyfirlit 2021

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Uppgjör fyrir tímabilið	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
Fjöldi búa alls	75,00	15,00	89,00	124,00	18,00	196,00	517,00
Fjöldi búa með skil	74,00	15,00	87,00	123,00	18,00	191,00	508,00
Fjöldi kúa alls	3.523,00	593,00	4.357,00	6.437,00	957,00	10.084,00	25.951,00
Meðalbústærð, kýr	47,60	39,50	50,10	52,30	53,20	52,80	51,10
Fjöldi árskúa	3.403,60	601,50	4.295,90	6.256,40	934,90	9.890,60	25.382,80
Meðalbústærð, árskýr	46,00	40,10	49,40	50,90	51,90	51,80	50,00
Fjöldi 1. kálfs kúa	1.222,00	176,00	1.618,00	2.388,00	316,00	3.740,00	9.460,00
Fjöldi kvígna eldri en 24 mán	596,00	165,00	725,00	710,00	135,00	1.811,00	4.142,00
Endurnýjunarhlutfall	34,70	29,70	37,10	37,10	33,00	37,10	36,50
Hlutfall kúa með förgunarástæðu	100,00	100,00	100,10	100,10	100,00	99,40	99,80
<b>Mjólkurframleiðsla síð. 12 mánuði</b>							
Meðalbústærð, innlögð mjólk	250.149,00	196.698,00	286.765,00	303.656,00	309.012,00	298.477,00	288.088,00
Mjólk/árskú	6.038,00	5.357,00	6.398,00	6.454,00	6.420,00	6.388,00	6.336,00
Fita kg	252,00	224,00	264,00	277,00	274,00	268,00	266,00
Fita %	4,17	4,18	4,13	4,29	4,27	4,19	4,20
Prótein kg	204,00	186,00	216,00	224,00	223,00	213,00	215,00
Prótein %	3,38	3,46	3,38	3,47	3,48	3,34	3,39
Kg OLM/árskú	6.204,00	5.549	6.547,00	6.772,00	6.723	6.562,00	6.544
Mjólkurnýting	93,00	94,00	94,00	96,00	95,00	94,00	95,00
Frumutala (reiknuð)	250,00	272,00	260,00	269,00	297,00	260,00	263,00
Mjólkandi kýr							
Dagsnyt/kú	16	13	16	16	16	16	16
Dagsnyt OLM/kú	16	14	17	17	17	16	16
<b>Kjötframleiðsla síð. 12 mánuði</b>							
Kýr							
Hlutfall með sláturgögn	85,60	80,20	85,20	86,10	85,20	86,70	86,00
Flokkun	2,50	2,84	2,95	2,45	2,49	2,63	2,62
Dagar frá burði við förgun	274,80	339,00	265,20	252,40	285,10	243,20	256,20
Meðalþungi, kg	199,20	210,90	208,50	206,00	206,30	202,30	204,20
<b>Heilsufar síð. 12 mánuði</b>							
Hlutfall með sjúkdómaskráningu	13,70	14,50	9,50	41,40	18,40	17,00	21,30
Kýr							
Fjöldi sjúkdómstilfella á árskú	0,19	0,19	0,14	0,59	0,25	0,24	0,30
Júgurmeðhöndlunir á árskú	0,05	0,06	0,07	0,11	0,09	0,08	0,08
Geldstöðumeðhöndlunir á árskú	0,02	0,03	0,01	0,02	0,03	0,02	0,02
Bráðadauði/slys á árskú	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01
Kálfar							
Hlutf. dauðra og dauðf. við 1. Burð	26,00	24,20	29,10	28,70	29,30	26,30	27,40
Hlutf. dauðra og dauðf. aðrir burðir	6,70	9,30	9,00	9,60	8,40	8,80	8,70
Hlutf. dauðra á 1-180 daga	3,00	3,10	3,20	2,70	2,40	2,30	2,60
<b>Frjósemi síð. 12 mánuði</b>							
Dagar frá burði til 1. Sæðingar	65,60	80,20	64,20	66,90	64,00	66,20	66,10
Meðalaldur við 1. Burð	27,70	28,80	27,10	26,70	27,90	27,50	27,30
Hlutfall kálfa undan sæðingantum	65,90	66,20	64,30	65,70	64,90	68,00	66,40
<b>Ending</b>							
Kýr							
Meðalburður við förgun, dagar	1.969,60	2.153,90	1.869,80	1.835,90	1.878,70	1.834,50	1.864,50
Meðalfjöldi burða við förgun	3,11	3,25	2,89	2,90	2,83	2,86	2,91
Meðalæviafurðir fargaðra kúa	18.345,60	18.014,00	17.610,80	17.751,90	17.787,30	16.949,50	17.474,90
<b>Annað</b>							
Ný bú í skýrsluhaldi síðasta mánuð	0	0	0	0	0	0	0
Bú sem hættu í síðasta mánuði	0	0	0	1	0	0	0

## Nythæstu kúabú í árslok 2021 eftir uppgjörssvæðum

Uppgjörssvæði*	Bú - árslok 2021	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
<b>Vesturland</b>	370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	24,4	<b>8.664</b>
<b>Vestfirðir</b>	460128 Hvammur	Ólöf og Valgeir	39,2	<b>7.706</b>
<b>Norðurland vestra</b>	550121 Bessastaðir	Guðný Helga og Jóhann Birgir	28,2	<b>7.935</b>
<b>Norðurland eystra</b>	650221 Búrfell	Guðrún og Gunnar	39,7	<b>8.908</b>
<b>Austurland</b>	761412 Núpur	Björgvin Rúnar Gunnarsson	108,8	<b>7.475</b>
<b>Suðurland</b>	861037 Syðri-Hamrar 3	Guðjón og Helga	43,3	<b>8.446</b>

\*Uppgjörssvæðunum hefur verið breytt og þau eru nú orðin eingöngu 6 í uppgjörinu  
Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

ári með tilheyrandi rýmiskrófum og auknum uppeldiskostnaði.

Fyrir meira en sextíu árum uppgötvuðu forfedur okkar að það væri bæði betra og þægilegra að sæða kýrnar en að halda þarfanaut. Þessari þekkingu gengur illa að miðla milli kynslóða því um

34% allra fæddra kálfa eru undan þarfanautum. Auðvitað hamla aðstæður því víða að hægt sé að sæða kvígurnar en það verður þó ekki horft framhjá því að sá kostnaður sem hlýst af þessu fyrir greinina í heild er gríðarlegur. Hann felst meðal annars í töpuðum

kynbótaframförum og fleiri dauðfæddum kálfum.

## Mestar meðalafurðir á Búrfelli í Svarfaðardal

Annað árið í röð reyndist mest meðalnyt eftir árskú vera hjá Guðr-

únu Marinósdóttur og Gunnari Þór Þórisssyni á Búrfelli í Svarfaðardal. Nyt eftir árskú endaði þar í 8.908 kg á árinu 2021 sem er aukning um 329 kg frá fyrra ári. Á Búrfelli er að finna legubásafjós með mjaltþjóni sem tekið var í notkun vorið 2018. Frá þeim tíma hafa afurðir aukist jafnt og þétt og sér í raun ekki fyrir endann á því.

Annað í röð afurðahæstu búa landsins er kunnuglegt á þeim lista en þar er um að ræða bú þeirra Guðlaugar Sigurðardóttur og Jóhannesar Eybergs Ragnarssonar á Hraunhálsi í Helgafellssveit á norðanverðu Snæfellsnesi. Árin 2018-2020 var þetta bú með þriðju mestu afurðir eftir árskú á landinu en færast nú í annað sætið. Þar á bæ mjólkaði meðalárskýrin 8.664 kg sem er aukning um 307 kg. Fjósíð á Hraunhálsi er básafjós með rörmjaltakerfi og öll umgengni og snyrtimennska

## Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Kýrin Gullbrá á Hóli við Dalvík. Hún hefur borið 10 sinnum á sinni ævi og heldur sér ótrúlega vel. Mynd / Karl Vernharð Þorleifsson, fjósameistari á Hvanneyri

## Nythæstu kýrnar á Íslandi árið 2021 – kýr fyrir ofan 12.500 kg. í nyt

Kýr	Faðir	Ársafurðir	Prótein	Fita	Bú
1003 Skör	08029 Flekkur	13.760	3,28	3,87	871755 Hvammur
0691 Ríkey	0607 Bingó	13.612	3,32	3,54	650720 Stóri-Dunhagi
1601161-0523 Bára	07014 Sandur	13.517	3,30	3,92	770190 Flatey
0546 Snúra	07024 Dúllari	13.293	3,25	3,81	871077 Dalbær 1
1311 Ljúfa	11054 Skellur	13.138	3,50	4,25	870909 Skáldabúðir 2
0591 Frostrós	09021 Bolti	12.887	3,58	4,46	370103 Snorrastaðir 2
0985 Lísa	14074 Plútó	12.793	3,14	3,56	871058 Hrepphólar
0117 Lengja	09021 Bolti	12.706	3,49	3,82	861037 Syðri-Hamrar 3
2315 Bat	13031 Fáfniir	12.652	3,56	3,62	360563 Þverholt
1409611-0306 Bambaló	08049 Bambi	12.633	3,35	4,08	560112 Brúsastaðir
2268 Merlin	2018	12.573	3,20	3,88	860718 Lambhagi
2049 Mús 4	07047 Lögur	12.559	3,39	3,92	360563 Þverholt
0928 Skvísa	818	12.538	3,02	2,91	560112 Brúsastaðir
834	07017 Rjómi	12.507	3,19	4,92	860513 Neðri-Þverá

utan dyra sem innan til algjörar fyrirmyndar.

Þriðja afurðahæsta bú ársins 2021 er bú Guðjóns Björnssonar og Helgu Bjargar Helgadóttur á Syðri-Hömrum 3 í Ása-hreppi en þar reyndust afurðir kúnna nema 8.446 kg mjólkur eftir hverja ársku. Á Syðri-Hömrum er legubásafjós með mjaltþjóni og síðan það var tekið í notkun hafa afurðir tekið stórstígum breytingum.

Í fjórða sæti varð búið í Dalbæ í Hrunamannahreppi en þar er félagið Dalbær 1 ehf. skráð fyrir rekstri. Kýrnar í Dalbæ skiluðu 8.342 kg/ársku á nýliðnu ári. Þar er að finna legubásafjós með mjaltþjóni. Fimmsta búið í röð afurðahæsta búa er bú Hákonar Bjarka Hardarsonar og Þorbjargar Helgu Konráðsdóttur á Svertingstöðum 2 í Kaupangssveit Eyjafirði en þar skiluðu kýrnar 8.337 kg/ársku. Á Svertingstöðum er legubásafjós með mjaltþjóni. Sjötta afurðahæsta bú ársins 2021 var svo bú Gísla Haukssonar og Jónínu Einaradóttur á Stóru-Reykjum í fyrrum Hraungerðishreppi í Flóa. Kýrnar þar skiluðu 8.321 kg/ársku en á búinu er nýlegt legubásafjós með mjaltþjóni.

Þessum búum til viðbótar náðu ellefu bú yfir 8.000 kg meðalafurðum eftir ársku eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Það er þremur búum fleira með yfir 8 þús. kg meðalafurðir en á árinu 2020.

#### Skör 1003 í Hvammi í Ölfusi mjólkaði mest

Nythæsta kýrin á landinu árið 2021 var Skör 1003 í Hvammi í Ölfusi, undan Flekk 08029 og móðurfaðir hennar er Flói 02029. Skör mjólkaði 13.760 kg með 3,87% fitu og 3,28% próteini. Burðartími hennar féll ágætlega að almanaksárinu en hún bar sínum þriðja kálfi 21. janúar 2021. Hæsta dagsnyt Skarar á nýliðnu ári var 52,9 kg og hún var í yfir 40 kg dagsnyt þar til sumri tók að halla eða fram í ágúst. Skör er fædd í júní 2016 og bar fyrsta kálfi 28. september 2019. Skráðar æviafurðir hennar voru 32.587 kg um síðustu áramót og á yfirstandandi mjólkurskeiði eru afurðir hinar sömu og ársafurðirnar eða 13.760 kg mjólkur.

Önnur í röðinni árið 2021 var Ríkey 691 í Stóra-Dunhaga í Hörgár-sveit, undan Bingó 1524151-0607 Bambasyni 08049 og hálfbróður Jónka 16036 að móðurinni til. Móðurfaðir Ríkeyjar var Afli 11010 en því miður féll hún frá nú rétt fyrir síðustu jól. Ríkey mjólkaði 13.612 kg með 3,54% fitu og 3,32% próteini en sínum öðrum kálfi bar hún 12. febrúar 2021. Hún fór hæst í 52,6 kg dagsnyt á árinu 2021 en skráðar æviafurðir hennar eru 23.427 kg.

### Bú þar sem meðalnyt var yfir 8.000 kg/ársku árið 2021

Bú	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/ársku
650221 Búrfell	Guðrún og Gunnar	39,7	8.908
370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	24,4	8.664
861037 Syðri-Hamrar 3	Guðjón og Helga	43,3	8.446
871077 Dalbær 1	Arnfríður Jóhannsdóttir	65,0	8.342
651260 Svertingstaðir 2	Hákon og Þorbjörg	61,7	8.337
870624 Stóru-Reykir	Gísla og Jónína	53,3	8.321
871056 Núpstún	Páll Jóhannsson	37,8	8.299
860103 Ytri-Skógar	Skógabúið sf.	25,4	8.219
660220 Syðri-Grund	Stefán og Steinunn	48,9	8.164
860302 Voðmúlstaðir	Hlynur og Guðlaug	41,2	8.117
650238 Grund	Friðrik Þórarinnsson	56,4	8.104
860530 Kirkjulækur 2	Eggert, Jóna, Páll og Kristín	56,3	8.095
370132 Stakkhamar 2	Laufey og Þröstur	58,1	8.065
860292 Stóra-Mörk 1	Merkurbúið sf	28,4	8.056
650618 Litli-Dunhagi 1	Róbert og Elsa	65,8	8.043
650228 Göngustaðir	Göngustaðir ehf.	60,9	8.035
370103 Snorrastaðir 2	Snorrastaðabúið slf.	45,7	8.020

Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Þriðja nythæsta kýrin var Bára 523 í Flatey á Mýrum við Hornafjörð. Bára er fædd á Hala í Suðursveit en flutti sig um set við lok mjólkurframleiðslu þar og bar sínum fyrsta kálfi í Flatey í nóvember 2017 og sínum fjórða kálfi þar hún 18. febrúar á nýliðnu ári. Nyt hennar á árinu var 13.517 kg með 3,92% fitu og 3,30% próteini.

Bára er dóttir Sands 07014, fór hæst í 54,2 kg dagsnyt og skráðar æviafurðir hennar eru 44.569 kg.

Fjórða í röðinni var Snúra 546 í Dalbæ í Hrunamannahreppi, dóttir Dúllara 07024 en móðurfaðir var Skortur 1667351-0304 sonur Skurðs 02012. Hún mjólkaði 13.293 kg með 3,81% fitu og 3,25% próteini. Hún bar fjórða sinni 19. maí 2021, fór

hæst í 57,5 kg dagsnyt á árinu og skráðar æviafurðir eru 50.126 kg. Það sem gerir afurðir Snúru sérstakar í þessum afurðaháa hópi er að hún ber í maí og því er í raun um 10-11 mánaða afurðir að ræða því hún stóð geld í apríl og fram í maí.

Fimmta í röðinni var Ljúfa 1311 á Skáldabúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, nánar tiltekið Eystrihreppi eins og heimamönnum er tamt að kalla Gnúpverjahrepp hinn forna. Hún er dóttir Skells 11054 og móðurfaðir er Lykill 02003. Hún bar fjórða kálfi sínum 2. janúar 2021 og fór hæst í 48,6 kg dagsnyt en hún skilaði samtals 13.138 kg á árinu með 4,25% fitu og 3,50% próteini. Skráðar æviafurðir eru 49.704 kg.

Alls skiluðu 143 kýr afurðum yfir 11.000 kg og þar af 38 yfir 12.000 kg. Árið 2020 náðu 126 kýr nyt yfir 11.000 kg.

#### Gullbrá 357 á Hóli við Dalvík með mestar æviafurðir

Af núlifandi kúm stendur Gullbrá 357 á Hóli við Dalvík efst allra kúa í æviafurðum en hún er fædd á Hrafnstöðum í Svarfaðardal í apríl

2004 en seld að Hóli sem smákálfur. Þessi kýr er dóttir Hvíttings 96032 og móðurfaðir er Klinton 1513611-0921 sonur Búanda 95027. Gullbrá bar fyrst í október 2006 og síðast í desember 2020 en samtals hefur hún á 10 mjólkurskeiðum mjólkað 96.385 kg. Hún er ákaflega sterkbyggð og endingargóð kýr og hlaut á sínum tíma 85 stig í útlitsdómi. Eins og meðfylgjandi mynd sýnir heldur Gullbrá sér ótrúlega vel og á tal núna í júní næstkomandi en hún var sædd í september með sæði úr Mikka 15043. Það væri ekki ónýtt að fá kvígu undan þessari endingargóðu myndarkú og því afbragðsnauti.

Önnur í röð núlifandi kúa með mestar æviafurðir er Bleik 995 á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd, fædd 14. ágúst 2009 undan Grána 1528871-0890 Hersissyni 97033 og Stássi 873 Stássadóttur 04024. Bleik hefur þegar þetta er ritað borið níu sinnum, síðast í nóvember 2020 en hún á tal núna í lok janúar. Um nýliðin áramót hafði Bleik mjólkað samtals 90.371 kg mjólkur.

Núverandi Íslandsmet í æviafurðum á Mókolla 230, dóttir Snarfara 93018, á Kirkjulæk 2 í Fljótshlíð, 114.635 kg.

Mjólkurframleiðendum öllum, en ekki síst ábúendum á Búrfelli í Svarfaðardal og Hvammi í Ölfusi, óskum við til hamingju með glæsilegan árangur og þökkum gott samstarf á nýliðnu ári.



## Búgreinaþing

Boðað er til búgreinaþings allra búgreinadeilda innan BÍ dagana 3-4. mars í Reykjavík.

Dagskrá og nánari upplýsingar verða kynnt síðar.

## Búnaðarþing

Boðað er til búnaðarþing Bændasamtaka Íslands dagana 31. mars – 1. apríl í Reykjavík.

Dagskrá og nánari upplýsingar verða kynnt síðar.

Fyrir okkur öll

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



FÖGUR FRAMTÍÐ Í FLJÓTSDAL

## Opið fyrir umsóknir í Samfélagssjóð Fljóttsdals

Markmið sjóðsins er að styrkja fjárhagslega verkefni á sviði atvinnu, nýsköpunar, umhverfis, velferðar eða menningar sem stuðla að jákvæðri samfélagsþróun og/eða eflingu atvinnulífs í Fljóttsdalshreppi.

Allar upplýsingar um sjóðinn, úthlutunarreglur og umsóknareyðublað má finna á [fljottdalur.is](http://fljottdalur.is)

Umsóknum skal skilað rafrænt á netfangið [asdis@austurbru.is](mailto:asdis@austurbru.is) fyrir miðnætti mánudaginn 14. febrúar 2022.

Nánari upplýsingar og aðstoð: Ásdís Helga Bjarnadóttir hjá Austurbrú. Sími: 470 3800 / 470 3810. Netfang: [asdis@austurbru.is](mailto:asdis@austurbru.is)